



Umsókn um heimild til endurgreiðslu eða innlausnar kjarnagjaldþolsliða

Allar ákvarðanir sem hafa í för með sér lækkun á gjaldþolsliðum váttryggingafélags skulu háðar fyrir fram samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, þ.m.t. endurkaupaáætlanir á eigin bréfum, sbr. 4. mgr. 69. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Á næstu síðu er að finna yfirlit um þær upplýsingar og gögn sem váttryggingafélag ber að senda vegna umsóknar til fjármálaeftirlitsins um heimild til endurgreiðslu eða innlausnar kjarnagjaldþolsliða, sbr. h-lið 1. mgr. 71. gr., 2. mgr. 71. gr., d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 73. gr., d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 77. gr. framseldu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 55/2022 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður.

Framangreind ákvæði ná einnig til endurkaupa á eigin hlutabréfum sem framkvæmd eru í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutfé.

Umsókn til Fjármálaeftirlitsins skal skilað þremur mánuðum áður en tilkynning er send til handhafa kjarnagjaldþolsliða um innlausn/endurgreiðslu eða áformuð endurgreiðsla/innlausn kjarnagjaldþolsliða fer fram sbr. 18 viðmiðunarreglu Evrópska váttrygginga- og lífeyriseftirlitsins (EIOPA) um flokkun gjaldþolsliða (e. Guidelines on Classification of Own Funds).

Fjármálaeftirlitið hefur allt að þrjú mánuði, frá móttöku fullbúinnar umsóknar, til að afgreiða hana.

GÁTLISTI

Upplýsingagjöf vegna umsóknar um heimild til endurgreiðslu eða innlausnar kjarnagjaldpolsliða

Efni	
1.	Upplýsingar um váttryggingafélag og tengilið vegna umsóknarinnar:
1.1	Nafn og kennitala váttryggingafélags.
1.2	Dagsetning umsóknar.
1.3	Upplýsingar um tímasetningu fyrirhugaðra endurkaupa og mögulega lækkun hlutafjár.
1.4	Tengiliður váttryggingafélags vegna umsóknarinnar.
2.	Greinargerð um fjárhagsleg áhrif endurgreiðslu eða innlausnar kjarnagjaldpolsliða með upplýsingum um eftirfarandi atriði:
2.1	Tilgangur endurgreiðslu/innlausnar kjarnagjaldpolsliða.
2.2	Samsetning kjarnagjaldpolsliða eftir endurgreiðslu/innlausn kjarnagjaldpolsliða.
2.3	Áætlun félagsins um eiginfjárstýringu (e. Capital Management Plan) þar sem tekið er tillit til áhrifa endurgreiðslu eða innlausnar kjarnagjaldpolsliða. Upplýsingar skulu að lágmarki innihalda áætlun félagsins, ásamt næmnigreiningu til næstu ára hvað varðar uppbyggingu, fjárhæð og gæði gjaldpolsliða ásamt fjárhæðum gjaldpolskröfu og lágmarksfjármagns.
2.4	Lýsing á getu félagsins til að afla frekari fjármögnunar gerist þess þörf, með tilliti til efnahagsástands og aðgengis að fjármálamörkuðum ásamt öðrum mögulegum leiðum til fjármögnunar.
2.5	Tímasetning fyrirhugaðrar endurgreiðslu/innlausnar kjarnagjaldpolsliða.
3.	Aðrar upplýsingar:
3.1	Uppfært eigið áhættumat (e. ORSA), telji stjórn félagsins að þörf sé á að framkvæma slíkt mat, vegna endurgreiðslu eða innlausnar kjarnagjaldpolsliða.
3.2	Afrit af fundargerð stjórnar þar sem umsókn um heimild til endurgreiðslu eða innlausnar kjarnagjaldpolsliða var samþykkt, hafi hún verið lögð fyrir stjórn félagsins.
3.3	Önnur gögn/upplýsingar sem váttryggingafélag eða Fjármálaeftirlitið telur skipta máli varðandi afgreiðslu umsóknarinnar.

4.	Aðrar upplýsingar vegna endurkaupa á eigin bréfum:
4.1	Afrit af fundargerð hluthafafundar þar sem tillaga um endurgreiðslu eða innlausn kjarnagjaldþolsliða var borin undir hluthafafund.
4.2	Uppfærðar samþykktir þegar lækkun hlutafjár hefur komið til framkvæmda.